

## 12. fundur mánudaginn 21. febrúar 2022

### Dagskrá:

1. Ársreikningur FVSA 2021.  
Hermann fór yfir og skýrði ársreikning félagsins.  
Síðan svaraði Hermann fyrirspurnum fundarmanna. Var reikningurinn samþykktur samhljóða.
2. Framlag félagssjóðs kr. 20.000.000 í orlofssjóð.  
Það var samþykkt samhljóða.
3. Aðalfundur FVSA.  
Aðalfundur FVSA verður mánudaginn 28. febrúar. Boðið verður upp á staðfund á Múlabergi (Hótel KEA). Fundurinn hefst kl. 19:30 og byrjar á útgáfuhófi á 90 ára sögu félagsins „Sækjum við að settu marki“. Ívar Helgason mun spila og syngja fyrir fundargesti.
4. Leikfélag Hörgdæla.  
Samþykkt að bjóða eldri félagsmönnum og trúnaðarmönnum á sýninguna „Í fylgd með fullorðnum“ hjá Leikfélagi Hörgdæla, 19. Mars 2022.
5. Sala á hlutafé FVSA í Norðurböðum hf.  
Ákveðið að selja ekki, samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.